# BLAÐ-IÐ

1. tlb. 2. árg. nóv. 1980

IÐJUÞJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT:

Fréttir.................................bls. 2 - 5

Dagdeild Hvítabandsins......................bls. 6 - 7

"Áfangaheimilið" að Norðurbrún 34...........bls. 8 - 9

Bréf frá nemum í Þrándheimi.................bls. 9 - 10

Lög Iðjuþjálfafélags Íslands................bls. 11 - 13

Félagalisti.................................bls. 14 - 15

Lausar stöður...............................bls. 15

# Y M I S L E G T.

## KYNNING:

Tvær nefndir hafa starfað af eldmóði við að semja kynningarbæklinga. Útkoman varð tveir bæklingar, annar ætlaður almenningi, en hinn heilbrigðisstéttum. Sá hinn fyrri er kominn út, en sá síðarnefndi er í "snyrtingu". Félagið fékk styrk frá Heilbrigðismálaráðuneytinu 238.000 kr.

## ÝMSAR FRÉTTIR:

Um miðjan mars kom hingað Antje Price, bandarískur iðjuþjálfi, sem er formaður "International Study Group on Perception" og hélt fyrir okkur 4 1/2 tíma fróðlegt erindi um Sensory Integration og sýndi kvikmynd um sama efni, sem hún hefur sjálf hannað. Hún er ein af sérfræðingum innan iðjuþjálfunar sem hefur haldið hér fyrirlestra án þess að fá annað fyrir en gistingu, ferðalög og/eða lopapeysu. Á þennan skemmtilega hátt tekst okkar litla félagi að auka þekkingu meðlima sinna, þrátt fyrir fjárskort. Hafið þetta í huga iðjuþjálfar og nemar erlendis ef þið hittið sérfræðinga í einhverjum málum innan okkar faga.

Síðast liðinn vetur kom út Samnorrænt Tímarit um iðjuþjálfun á Norðurlöndum, þróun hennar og saga félaganna. Þar áttum við góða grein um þróun okkar mála og var henni vel tekið.

Við höfum fengið tilboð frá hinum Norðurlöndunum um að standa fyrir samnorrænni ráðstefnu iðjuþjálfa hér á landi næsta sumar, og er verið að athuga það mál.

Á vetraráætlun félagsins er að koma af stað umræðuhópum (leshringjum) um ýmis málefni auk almennra fræðslufunda. Þar sem við erum orðin þreytt á allri þessari kynningarstarfsemi, höfum við nú ákveðið að fara að gera eitthvað fyrir okkur sjálf.

Og svo í lokin, bara svo þið vitið, þá er langt síðan við urðum meðlimir af Samtökum Heilbrigðisstétta.

## FÓLK Í FRÉTTUM:

Kennsla um iðjuþjálfun er orðin vaxandi þáttur hjá félögum okkar: Sigríður Jónsdóttir og Sigríður Loftsdóttir hafa kennt í Sjúkraliðaskólanum og virðist það orðinn nokkuð fastur liður í kennsluefni þar.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Hope Knútsson, Guðrún Pálmadóttir og Guðrún Árnadóttir kenndu í fyrravetur nokkra tíma við námsbraut í sjúkraþjálfun í Háskóla Íslands. Þessi kennsla verður endurtekin í vetur.

Námskeið: Guðrún Árnadóttir tók í fyrravetur þátt í námskeiði um Bliss, og er nú ein af félögum í starfshópi sem vinnur að eflingu og kynningu þessa táknkerfis. Hún hélt kynningu á sama efni fyrir félagið í maí. Hún er nú á förum til Englands á framhaldsnámskeið um Bliss.
Sigríður Loftsdóttir fór til Danmerkur í sumar á námskeið, fyrir yfiriðjuþjálfa á smærri deildum og á ráðstefnu um para- og quadriplegi sjúklinga og vandamál þeirra

Ráðstefnur: Mikið hefur verið um ráðstefnur á Íslandi síðastliðinn vetur. Nokkrir meðlimir félagsins sóttu tvær ráðstefnur um geðheilbrigðismál. Sem framhald af umræðuhóp um fyrirbyggjandi aðgerðir, lagði Hope Knútsson til, að hópurinn héldi áfram störfum til að auka fræðslu um geðverndarmál. Í starfshópnum eru fulltrúar flestra heilbrigðisstétta og hafa þau unnið að fjölbreyttri áætlun um fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðir, sem birtast mun í ýmsum fjölmiðlum á næstu mánuðum.
Kristjana Fenger sat sem fulltrúi félagsins á 200 manna ráðstefnu um stefnumörkum í heilbrigðismálum.

Erindi: Hope Knútsson hélt 2 erindi um fyrirbyggjandi aðgerðir í Geðlækningum í apríl fyrir félagið Geðhjálp og Hjúkrunarnema BS í Háskólanum.
Guðrún Pálmadóttir talaði um vinnustellingar hjá Félagi íslenskra símamanna í vor og hún hélt einnig fræðsluerindi um liðagigt fyrir starfsfólk á Landakotsspítala.

Fæðingar: Anne Grethe eignaðist dóttir í janúar og Guðrún Pálmadóttir ól son um svipað leytið. En Gunn
á von á einu í desember.



Flutningar:
Margareta Johansson, sem vann á Lsp., vinnur nú á Sólborg á Akureyri.
Sigrún Ásmundsdóttir starfar á Sjúkrahúsi Akraness.



Elín Ebba Ásmundsdóttir hóf störf í mars á Dagdeild Hvítabandsins.
Anne Grethe starfaði nokkra mánuði á Heilsugæslustöðinni í Höfn í Hornafirði, hún er því fyrst iðjuþjálfa til að vinna úti í héraði/sveitarfélagi. Vonandi nýtist okkur reynsla hennar í kröfugerð um greiðslu á þjónustu iðjuþjálfa utan stofnanna. Í dag er Anna Grethe í Noregi og vinnur við iðjuþjálfun í heimahúsum. Hún ætlar að skrifa grein í næsta blaði, svo það er ekkert annað hægt að gera á meðan en að spenna beltin og bíða spennt.
Ingibjörg Pétursdóttir er komin heim frá Danmörku og vinnur á Reykjarlundi. Hvað lengi hún ætlar að stoppa hérna er ekki gott að segja. Hún er hér allaveganna um stundarsakir.
Anna Steinfor, sænsk, starfar í Hátúni í stað Sylvianes sem er að ferðast um heiminn.
Gunn er farin til Svíðþjóðar og Ulla er á förum í nóvember.



Sorgartíðindi: Það hafa verið slæmar heimtur á nemum sem luku námi í vor. Aðeins einn hefur skilað sér, Eiríka Sigurhannesdóttir. Hún hefur ekki fundið starf við sitt hæfi ennþá.



Gleðitíðindi: Í vor var þriðji iðjuþjálfaneminn hér í verklegri þjálfun og lítum við á það sem viðurkenningu erlendra skóla á gæðum iðjuþjálfunar hér á landi.

Það nýjasta: Guðrún ætlar að fara til London á vegum Borgarspítalans og skoða SARJA LINGVADUR tæki sem Svölurnar hafa samþykkt að gefa Grensás deildinni.

Rósa Hauksdóttir er komin heim og er byrjuð að vinna á Reykjalundi.



Svar í næsta fréttablaði.

Aðalfundur haldinn á Kleppsspítalanum 27.mars 1980.

Félagsgjald - umræður urðu um uppástungu stjórnarinnar, en meiri hlutinn samþykkti 3o.ooo kr. á ári sem fullt gjald.

Lagabreytingar. Miklar umræður og heitar, þar eð kom fram það álit að breytingarnar væru bara til að lengja og flækja lögin, en breytingarnar voru samþykktar. Sjá lögin annars staðar í blaðinu.

Stjórnarkosning. Mörg utankjörstaðaratkvæði bárust og var deilt á að aðeins einn framboðslisti hafði borist til kosningu formanns og stjórnar í stað tveggja. Ákveðið var að næst skyldu liggja fyrir tveir aðskildir framboðslistar, sem væru í höndum allra félagsmanna á tilskildum tíma.
Samkvæmt lagabreytingu átti að kjósa varamann. Formaður var kosinn Hope Knútsson. Í stjórn voru kosnar Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Kristjana Fenger og Guðrún Pálmadóttir og varamaður Margrét Sigurðardóttir. Stjórnin hefur skipt með sér verkum þannig að varaformaður er Kristjana, ritari er Inga og gjaldkeri er Guðrún.

Reiknisyfirlit. Þar sem gjaldkeri var ekki viðstaddur lagði formaður fram reiknisyfirlit.

tekjur.'79..................288.250

gjöld.'79........... .....339.393

eign í árslok.... ....... .. 84.247

Í tilefni þess að tvær nýjungar á sviði geðlækninga hafa átt sér stað hér á Íslandi, birtum við stutta kynningu um starfsemi staðanna. Dagdeildina á Hvítabandinu sem Elín Ebba Ásmundsdóttir er starfandi við og "Áfangaheimilið" að Norðurbrún 34, sem Hope Knútsson starfar á.

DAGDEILDIN Á HVÍTABANDINU.

Dagdeildin: Dagdeildin er hluti Geðdeildar Borgarspítalans, sem tók til starfa í nóvember 1979. Þungamiðja starfseminnar er hópvinna af ýmsu tagi og er áætlað, að samanlagður fjöldi þátttakenda verði um 20. Deildin er opin 5 daga vikunnar á venjulegum vinnutíma og varir dagskráin að jafnaði 5-6 tíma dag hvern.

Viðhorf: Unnið er út frá þeirri forsemdu, að geðrænir erfileikar eigi rætur í bjögun á tengslamyndum einstaklinga við nánasta umhverfi sitt, einkum þó vissar "lykilpersónur" snemma á æviferlinum. Þessar truflanir koma fram síðar á ævinni með ýmsum hætti, en í hópum speglast þær einkum í tengslum þeim, sem þátttakendur mynda sín á milli. Markmið hópstarfseminnar er að kanna þessi tengsl og hjálpa þannig einstaklingnum til aukins innsæis í eigin vandamál. Gefur þetta þátttakendum aukna möguleika á að breyta óheppilegu hátternisformi, sem þeir hafa festst í og auka skilning þeirra á orsökum eigin vandamála.

Víxláhrif/virkni: Mikilvægi dagdeildarfyrirkomulagsins felst einkum í því, að þátttakendur slitna aldrei úr tengslum við umhverfi sitt heimafyrir. Þeir geta þannig stöðugt reynt upplifun sína í hópnum "úti í fjölskyldunni" og fengið viðbrögð, sem áfram er hægt að vinna með innan deildarinnar. Oft er nauðsyn að kalla fleiri fjölskyldumeðlimi til meðferðar í fjölskyldu- og hjónaviðtölum. Þessi víxláhrif , sem gerast innan deildar og utan, lítum við á sem einn meginkostinn við dagdeildarstarfsemi. Annar er sá, að deildarstarfsemi af þessu tagi beinist að því að laða fram aukna ábyrgð og virkni sjálfra þátttakendanna.

Lyf: Notkun lyfja á deildinni er haldið í lágmarki, og er að því stefnt, að þeir sem hér dveljast geti lifað lyfjalausu lífi.

Umsóknir: Umsóknir skulu vera skriflegar og sendast til yfirlæknis eða deildarlæknis Dagdeildar. Í umsókn skal geðhorfi sjúklings lýst stuttlega svo og þeim sálrænu og félagslegu þáttum, sem ætla má að komi að gagni við mat á einstaklingnum.

Forviðtöl: Sé einstaklingi vísað til Dagdeildar kemur hann fyrst í forviðtal. Sé dagmeðferð talin æskileg, er viðkomandi tekinn inn í sérstakan inntökuhóp.

Inntökuhópur: Þessi hópur (C) starfar fyrir hádegi 4 daga vikunnar. Einkaviðtöl og fjölskylduviðtöl fara fram eftir hádegi þessa daga. Í inntökuhópnum kynnist umsækjandi starfsemi þeirri er fram fer á Dagdeildinni, og getur gert sér grein fyrir því hvort hann vilji hefja lengri meðferð. Dvölin í inntökuhópnum nýtist einnig starfsfólki til nákvæmara mats á geðheilsu og persónuleika einstaklingsins. Umsækjandi skuldbindur sig til hálfsmánaðar lágmarksdvalar í þessum hóp.

Hópar D og E: Þegar lengri meðferð er talin nauðsynleg, fer hún fram í hópi D eða E þar sem æskilegur fjöldi þátttakenda er 6-8. Hópur E er á deildinni eftir hádegi og er ætlast til að fyrri hluta dagsins sé varið til starfa á heimili eða vinnustað. Hópur D er hins vegar allan daginn. Gert er ráð fyrir allt að 6 mánaða tíma með möguleika á framlengingu í 3 mánuði.

Framhaldsmeðferð: Eftir útskrift er boðið upp á þátttöku í hópi, sem kemur saman einu sinni í viku allt að eitt ár. Stefnt er og að því að fara af stað með hjónahóp/hópa með haustinu.

Inniheld: Hóparnir þrír verja deginum hver í sínu lagi í sérstökum tímum þar sem þátttakendum gefst færi á að tjá sig með ýmsum hætti. Beitt er mismunandi aðferðum, sem skapar fjölbreytni og möguleika á að nálgast vanda þátttakenda frá ýmsum hliðum. Má t.d. nefna samtalstíma, hreyfimeðferð, tíma þar sem leir, litir og önnur efni eru notuð sem tjáningarmiðlar, markmiðatíma, tíma þar sem fjallað er um fjölskyldumynstur þátttakenda, hreyfing og slökun auk matargerðar, sameiginlegs borðhalds og tíma þar sem hópurinn vinnur sameiginlega að einhverju verkefni. Þá er haldinn húsfundur einu sinni í viku.

Starfslið: Það starfslið sem tekur þátt í dagsskránni eru 2 geðhjúkrunarfræðingar, 2 félagsráðgjafar, geðlæknir iðjuþjálfi, sálfræðingur og sjúkraþjálfi í 1/2 stöðu. Auk þessara er ritari, húsvörður, matráðskona og ræstingarkonur tvær. Í flestum tímum í Dagdeildardagskránni eru tveir úr starfsliðinu og vinnur iðjuþjálfin ásamt félagsráðgjafa, geðhjúkrunarfr., og sálfræðingi í mynd- og leirtímum í C - D - og E hópnum. Einnig er iðjuþjálfin tengdur eldunarhópnum. Hlutverk iðjuþjálfans er í mótun og er einstaklingsbundið hvernig sú mótun er.

"ÁFANGAHEIMILIÐ" AÐ NORÐURBRÚN 34.

Í maí 1980 var opnað heimili að Norðurbrún 34, sem áfangastaður eða "Halfway House", rekið á vegum fjölskyldudeildar félagsmálastofnunar Reykjavíkur og í samstarfi við félagsráðgjafadeildir Kleppspítalans og Borgarspítalans.

Aðstaða er fyrir 8 vistmenn. Um er að ræða eins og tveggja manna svefnherbergi, en allt húsið er stórt einbýlishús á tveim hæðum, notað til sameiginlegra afnota. Húsmóðir stýrir daglegum rekstri heimilisins undir leiðsögn iðjuþjálfa.

Markmiðið með dvöl á heimilinu er, í fyrsta lagi að veita skjólstæðingum, sem dvalist hafa á geðdeild, áframhaldandi tilfinningalegan og félagslegan stuðning til undirbúnings sjálfstæð lífs. Í öðru lagi að veita markvissa endurhæfingu til vinnu og daglegs lífs.

Forsendur fyrir dvöl á heimilinu eru:

- Að vistmaður samþykki að minnsta kosti 6 mánaða dvöl þar.
- Að vistmaður stundi vinnu, eða verði í virkri vinnuendurhæfingu (á vernduðum vinnustað) eða í námi.
- Að vistmaður taki virkan þátt í skipulagningu endurhæfingar.
- Að vistmaður geti sjálfur greitt útlagðan kostnað (fæði, húsaleigu ).
- Að vistmaður sitji vikulega fundi með husstjórn (húsmóðir, iðjuþj., félagsráðgjafar) og vistfólki.
- Að vistmaður virði húsreglur varðandi almenna umgengni, bann við neyslu og meðferð áfengis og fíkniefna og að getum er ekki leyfilegt að dvelja næturlangt á heimilinu.

Það er mikilvægt að taka það fram að heimilið er á engan hátt spítaladeild, og því hefur hver vistmaður sinn lækni eða ráðgjafa sem hann leitar til á viðeigandi stofnun. Aðaláhersla er lögð á heilbrigða þætti, en ekki fötlun vistmanna. Ráðgjafar stjórna ekki starfseminni, allar ákvarðanir eru teknar sameiginlega, og endurskoðaðar þegar þurfa þykir.

Með vissu bili eru vistmenn beðnir að leggja fram á húsfundi, eigið mat um framför þeirra og framtíðaráætlanir. Þá er einnig hægt að koma fram með óskir um aðstoð, t.d. við vinnu, fjármál, þátttöku í húsverkum, félagslífi innanhúss og utan, samskipti við fjölskyldu, samband við meðferðaraðila o.fl.

Í september hefur hússtjórn fengið ráðgefnadi sálfræðing til þess að rannsaka og sanna árangurinn af dvöl á svona heimili. Hann mun hjálða okkur að gera inntökuskilyrði ljósari, að meta árangur meðan á dvöl stendur og 1-5 ár á eftir, sem gæti orðið hvatning til að auka slíka þjónustu í framtíðinni (fleiri "Halfway Houses").

Þetta er mjög athyglisverður staður og hlutverk iðjuþjálfans mikilvægt. Laun iðjuþjálfans eru ekki ennþá föst, heldur er greitt með styrk frá Geðverndarfélagi Íslands sem þarf að sækja um á vissu millibili, en það er samt möguleiki á að Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar hlaupi undir bagga. Þetta skref í geðlækningum, er mjög jákvætt og gerir iðjuþjálfum kleift að tengjast meira eftirmeðferð "úti í lífinu" en bindur ekki starfsvið þeirra við stofnanir.

- - - - - - - - - - - - - -

## NEMAR LÁTA Í SÉR HEYRA.

Við fengum bréf í fyrra frá þremur stöllum í Þrándheimi. Skýringin, af hverju það birtist fyrst núna er, að ekkert fréttablað hefur komið út síðan bréfið barst okkur. En eins og máltækið segir: "Betra seint en aldrei", við þökkum kærlega bréfið og britum hluta af því.

Þrándheimi 17/9 1979.

Eftir að hafa fengið fyrsta fréttablað félagsins í apríl 79, var ýtt við okkur hér frá Þrándheimsskólanum, tími væri komin að láta heyra frá okkur. Við erum 3 sem stöndum á bak við þetta bréf, Ingibjörg Jónsdóttir(I ári), Rannveig Baldursdóttir(2 ári) og Elín Ebba Ásmundsdóttir útlærður iðjuþjálfi síðan i vor!!!!!

Ástæðan fyrir að við skrifum þetta bréf er að við höfum haft á tilfinningunni að fólk hafa litlar hugmyndir um hvernig kennsluformi er háttað hér við skólann. Við sendum með pappíra um skólann, inntökuskilyrði og námsefni fyrir þá sem kynnu að hafa áhuga. Norðmenn hafa batnað með árunum því síðasta ár hafa þeir sett kvóta á Islendinga. Einn heppinn á ári.

INNTÖKUSKILYRDI (í stuttu máli).

- Gott stúdentspróf.
- 1150 tíma í "forming" - týna til allt sem hugsast getur af handmennt, myndlist, leiklist, tónlist, leirvinna, hnýtingar, vefnaður, trévinna o.s.frv. ( ath. öll kvöldnámskeið gild). Áríðandi er að

hafa alla pappíra á norðurlandamáli eða ensku.
- 3 mánuði hjá viðurkenndum iðjuþjálfa. Gott er að hafa unnið bæði við endurhæfingadeild og geðdeild (nóg er að annað sé undir iðjuþjálfa).
- Púnktar eru gefnir fyrir alla vinnu sem nær efir 3 mánuði og þar yfir - til og með húsmóðirstörf.

Nóg um þetta og svo nokkur orð um skólann. Skólinn tekur 3 ár hvert ár er deilt í 3 annir.
I ár: 2 annir bóklegt, (teori og) 1 önn verklegt (praksis).
II ár: Bara bóklegt.
III ár: 2 annir verklegt og 1 önn bóklegt.
Eins og áður hefur komið fram hefur skólinn 1150 tíma í "forming" sem inntökuskilyrði, og gerir því ekki ráð fyrir því í kennslunni, en leggur þeim mun meiri áherslu á að skilgreina atferli ("aktivitetsanalyse"). Það leiðir til þess að skólinn sinnir meira öðrum fögum en þeir sem hafa forming á kennsluskrá sinni.

NÁMSSKRÁ: (stytt og látum hana flakka á úttlenskunni)
nevrologi, psykiatri, psykologi, sosialmedisin, kinesiologi, administrasjon, drama, organisasjon og samhandling, dans og bevegelse, anatomi, fysiologi, funksjonell anatomi, nevroanatomi, patologi, indremedisin, ortopedi, fys. med. ergoterapi, psykiatrisk ergoterapi.
KENNSLUFORM: Aðaláhersla er lögð á hópvinnu og hópsamræðum, að auki fyrirlestrar frá föstum kennurum og gestafyrirlesurum.
Námskeið (seminar), hlutverkatúlkun ("rollespill").
PRÓFFORM: Bæði einstaklingspróf, hóppróf og verkefni.

Skólinn er mjög opinn fyrir breytingum og breytist ár frá ári, eftir tillögum frá nemendum og kennurum.

Við vonumst til að þetta varpi smá ljósi á skólann, og ef einhver vill vita meira um skólann, þá er alltaf gaman að fá bréf. Til uppörfunar fyrir væntanlega umsækjendur skal það sagt að íslendingum er vel tekið hérna, og erum gjarnan minntar á að við séum nú afkomendur norðmanna...

KOSSAR
OG
KVEDJUR.

Rannveig



Inga E

Ebba



# LÖG IÐJUÞJÁLFAFÉLAGS ÍSLANDS.

1. gr.
## Heiti félagsins.

Heiti félagsins er Iðjuþjálfafélag Íslands. Skammstöfun I.Í. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.
## Markmið félagsins.

Markmið félagsins er:

- að auka þekkingu landsmanna á iðjuþjálfun,
- að efla samtökin innan stéttarinnar og gæta hagsmuna hennar,
- að efla tengsl við hliðstæða starfshópa,
- að beita sér fyrir aukinni menntun félaganna,
- að beita sér fyrir að hafin verði kennsla í iðjuþjálfun hér á landi.

Félagið er ekki stjórnmálalegs eðlis.

3. gr.
## Félagar.

Rétt til inngöngu í I.Í. hafa allir löggiltir iðjuþjálfar búsettir á Íslandi, íslenskir iðjuþjálfar búsettir erlendis, Íslendingar í iðjuþjálfunarnámi og erlendir iðjuþjálfar, sem á einhvern hátt eru tengdir félaginu.
Félagið tekur aðeins til greina inntökubeiðnir frá iðjuþjálfum, er lokið hafa prófi frá iðjuþjálfaskóla viðurkenndum af Alþjóðasamtökum iðjuþjálfa (W.F.O.T.) og áskilur sér rétt til að yfirfara gögn þar að lútandi.

1. Fullgildur félagi nýtur allra þeirra réttinda sem félagið hefur upp á að bjóða. Greiðir fullt félagsgjald.

2. Hálfgildur félagi nýtur allra réttinda utan kjörgengis og kosningaréttar á aðalfundi. Greiðir 1/2 félagsgjald.

I.Í. skildar alla löggilta iðjuþjálfa, sem eru starfandi á Íslandi, til að gerast fullgildir félagar. Þó geta útlendingar valið um að vera fullgildir eða hálfgildir félagar fyrsta árið sem þeir eru starfandi hér, en skulu að þeim tíma liðnum gerast fullgildir félagar. Iðjuþjálfar (íslenskir sem erlendir) búsettir á Íslandi en ekki starfandi geta einnig valið um að vera fullgildir eða hálfgildir félagar. Iðjuþjálfar búsettir erlendis hafa einungis

rétt til inngöngu sem hálfgildir félagar.
Íslendingar í iðjuþjálfunarnámi teljast hálfgildir félagar, en greiða þó aðeins 1/4 félagsgjald.

4. gr.
Stjórn félagsins.

Fjöldi stjórnarmeðlima skal ákveðinn fyrir stjórnarkosningar hverju sinni. Stjórnina skipa þó minnst 3 auk formanns og ákveða þeir hvernig þeir skipta með sér verkefnum varaformanns, ritara og féhirðis.
Varamaður stjórnar skal vera 1. Hann skal vera reiðubúinn að taka sæti í stjórninni gangi einhver úr henni meðan kjörtímabili er enn ekki lokið, en situr annars yfirleitt ekki stjórnarfundi.
Kosningar eru leynilegar og fara fram á aðalfundi. Kosið er til 2ja ára í senn. Kosningar eru því aðeins löglegar greiði minnst 60 % fullgildra félaga atkvæði. Formaður skal kosinn sér, en aðrir stjórnarmeðlimir í einu lagi. Varamaður stjórnar skal kosinn sérstaklega.
Stjórnin hefur ætíð yfirumsjón með öllum félagsstörfum.

5. gr.
Fjármál.

Ársgjald félagsins og hvernig það innheimtist skal ákveðið á aðalfundi hverju sinni. Þeir sem eiga ógoldið félagsgjald í eitt ár missa öll félagsréttindi þar til félagsgjaldið er fullgreitt.
Þó getur stjórnin veitt undanþágu í sérstökum tilfellum.

6. gr.
Fundir.

I. Aðalfundur.
Stjórn félagsins kallar saman til aðalfundar einu sinni ár hvert.
Stjórnin semur dagskrá og annast dreifingu hennar ásamt framboðslista fyrir formanns- og stjórnarkosningar til annarra félaga með hæfilegum fyrirvara (minnst 3 vikur).
Eftirtaldir liðir geta aðeins farið fram á aðalfundi:
a) Bókhaldsyfirlit.
b) Ákvörðun ársgjalds.
c) Lagabreytingar.
d) Stjórnarkosningar.
e) Kosning fulltrúa í W.F.O.T.
Ef þörf krefur getur stjórn félagsins eða helmingur félaga kallað

saman til aukaaðalfundar með útsendingu dagskrár tveim vikum áður.

II. Félagsfundir.
Boðað skal til slíkra funda af stjórn, einhverri nefnd eða 1/3 félaga. Á félagsfundum fara fram umræður um málefni eða tillögur varðandi félagsstarfsemina og atkvæðagreiðslur þar að lútandi. Einnig getur verið um að ræða fræðslufundi, fyrirlestra eða námskeið.

III. Nefndarfundir.
Nefndir eru ákveðnar á félagsfundum eða skipaðar af stjórn og halda þær sína fundi svo oft sem þörf krefur. Allir félagar eru gjaldgengir í nefndir.

7. gr.
Atkvæðagreiðsla.
Um atkvæðagreiðslur um öll málefni önnur en lagabreytingar gildir eftirfarandi: Tillaga skoðast samþykkt greiði meiri hluti viðstaddra atkvæði með henni. Atkvæðagreiðsla getur því aðeins farið fram sé meiri hluti fullgildra félaga til staðar.

8. gr.
Breytingar á lögum félagsins.
Breytingar á lögum félagsins geta aðeins farið fram á aðalfundi. Tillögur um breytingar skulu hafa borist stjórninni í hendur eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund. Stjórnin annast síðan dreifingu tillaganna til annarra félaga ásamt dagskrá aðalfundar.
Breytingatillaga nær fram að ganga greiði 2/3 viðstaddra atkvæði með henni.

9. gr.
Fulltrúar W.F.O.T.
Fulltrúar W.F.O.T. skulu kosnir á aðalfundi og gilda þar sömu reglur og um kosningu stjórnar.

10. gr.
Upplausn félagsins.
Félagið leggst niður ef 3/4 hluti félaganna óska þess, eða ef fjöldi félaga fer niður fyrir lágmark (4 félagar).

11. gr.
Gildistaka laganna.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, marz 1980.

Iðjuþjálfar á Íslandi 1. nóv. 1980.

Grensásdeild Borgarspítalans. Sími: 85177/38.

| | |
|---|---|
| Guðrún Árnadóttir | Hvassaleiti 30, Reykjavík. Sími: 31086. |
| Ingibjörg Ásgeirsdóttir | Skólabraut 53, Seltjarnarnesi. Sími: 13387. |
| Sigríður Loftsdóttir | Gnoðavogi 16, Reykjavík. Sími: 31399. |

Kleppsspítalinn. Sími: 38160/48 - 49.

| | |
|---|---|
| Jóna Kristófersdóttir. | Kleppsvegi 120, Reykjavík. Sími: 34227. |

Landsspítalinn. Sími: 29000.

| | |
|---|---|
| Ulla Salomanson | Laugavegi 144, Reykjavík. Sími: 12534. |

Öldrunardeildin, Hátúni 10 B. Sími: 29000.

| | |
|---|---|
| Anna Stenfors | Engihlíð 8, Reykjavík. Sími: 16721. |

Vinnuheimilið að Reykjalundi. Sími: 66200.

| | |
|---|---|
| Guðrún Pálmadóttir | Búðargerði 1, Reykjavík. Sími: 39117. |
| Ingibjörg Pétursdóttir | Miklubraut 15, Reykjavík. Sími: 10143. |
| Kristjana Fenger | Barmahlíð 50, Reykjavík. Sími: 29715. |
| Margrét Sigurðardóttir | Bólstaðarhlíð 7, Reykjavík. Sími: 29283. |
| Rósa Hauksdóttir | Eikjuvogi 29, Reykjavík. Sími: 36596. |

Borgarspítalinn. Hvíta-Bandið. Sími: 13744

| | |
|---|---|
| Elín Ebba Ásmundsdóttir | Samtúni 36, Reykjavík. Sími: 28548 |

Norðurbrún 34.

| | |
|---|---|
| Hope Knútsson | Æsufelli 4 - 2F, Reykjavík. Sími: 73734. |

Akranesspítali.

| | |
|---|---|
| Sigrún Ásmundsdóttir | Suðurgötu 78, Akranesi. |

Sólborg Akureyri.

| | |
|---|---|
| Margaretha Johanson | Tjarnarlundi 13 J, Akureyri. |

Ekki fastráðnir:

| | |
|---|---|
| Eiríka Sigurhannesdóttir | Torfufelli 44, Reykjavík. Sími: 73633 (31733) |
| Kristín Tómasdóttir | Þórunnarstræti 123, Akureyri. Sími: 21084. |
| Madelaine Östlund | Hallveigarstíg 6 A, Reykjavík. Sími: 26217 |
| Sigríður Jónsdóttir | Langholtsvegi 192, Reykjavík. Sími: 35229. |

Iðjuþjálfanemar.

| | | |
|---|---|---|
| Jan. 81: | Finnur | Jönköbing, Sverige. |
| Júni 81: | Sigríður Hermannsd. | Chr. Kiers Plads 5 2 t.v., 8000 Aarhus C, Danmark. |
| | Guðrún Emilsd. | Asmundsgatan 7 2, 412 64 Göteborg, Sverige |
| | Jóhanna Ingólfsd. | Maison de Norvege (Cbre 212) C.I.U.P.7N, Boulevard Jourdan, 75690 Paris Cedex 14, France. |
| | Snæfríður Egilsson | Oslo, Norge. |
| | Kolbrún Ragnarsd. | Öresundskoll. H407, Dalslandsgade 8 2300 Köbenhavn S, Danmark. |
| | Rannveig Baldursd. | Trondheim, Norge. |
| Jan. 82: | Guðrún Ársælsd. | Holsterbro, Danmark. |
| | Katla Kristvinsd. | Studiegarden 8, 242 Göteborg, Sverige. |
| Júní 82: | Valrós Sigurbjörnsd. | H.C.Ö. Koll. vær. 1151, Niels Bohrs Allé 23, 5230 Odense M, Danmark. |
| | Ingibjörg Jónsd. | Trondheim, Norge. |
| Jan. 83: | Anna Sveinbjörnsd. | Framgangen 242-91, 412 80 Göteborg, Sverige |

Íslenskir iðjuþjálfar erlendis.

| | |
|---|---|
| Guðrún Hafsteinsdóttir | Annekegade 5 st.t.h., 2100 Köbenhavn, Danm. |
| Sigríður Þorvaldsdóttir | Tinglökkevej 6, 5250 Odense, Danmark. |
| Björk Pálsdóttir | Köbenhavn, Danmark. |
| Anne Grethe Hansen | Bolig 2, 4325 Dale i Sandnes, Norge. |
| Sigurður Sigurðsson | Köbenhavn, Danmark. |
| Viðar Óskarsson | HC Andersengade 75 1 t.h., 5000 Odense C Danmark. |

Lausar stöður.

| Vinnustaðir: | Fjöldi lausra staða. |
|---|---|
| Æfingastöð Lamaðra og fatlaðra, Háaleitisbr. 14. | 2 |
| Landspítalinn. | 1 |
| Barnageðdeild Hringsins, Dalbraut. | 1 |
| Geðdeild Landsspítalans. | 3 |
| Geðdeild Borgarspítalans. | 1 |
| Kleppsspítalinn. | 1 |
| Kópavogshæli. | 1 |